



**Setbergsskóli**

Virðing – Víðsýni – Velliðan



## ÁÆTLUN UM VARNIR GEGN EINELTI Í SETBERGSSKÓLA

Veturinn 2014-2015 hófst innleiðing á Olweusaráætlun gegn einelti og andfélagslegri hegðun í Setbergsskóla. Verkefnið byggir á kenningum prófessors Dan Olweus, sem rannsakað hefur einelti um áratuga skeið og er einna fremstur fræðimanna í heiminum á þessu sviði. Olweusaráætlunin er forvarnarverkefni, þar sem unnið er á kerfisbundinn hátt. Markmiðið er að skapa jákvæðan skólabrag og bekkjaranda, í þeim tilgangi að fyrirbyggja einelti og andfélagslega hegðun og byggja upp afstöðu gegn einelti.

Frá því að innleiðing Olweusaráætlunarinnar hófst í Setbergsskóla hefur verið unnið samkvæmt sérstakri áætlun sem stuðlar að markvissum vinnubrögðum allra starfsmanna skólans. Áætlunin gerir ráð fyrir að allir starfsmenn skólans þekki birtingamyndir eineltis og bregðist við neikvæðum samskiptum/áreitni. Jafnframt að starfsmenn tali einni röddu um að við líðum ekki einelti. Teymisstjóri eineltis- og forvarnarteymis og skólastjóri eru oddvitar Olweusarverkefnisins í því felst að vera umsjónarmenn verkefnisins.

Þekking foreldra á verkefninu og tilgangi þess er einnig mjög mikilvæg. Þeir eru því hvattir til að kynna sér foreldrahandbók Olweusarverkefnisins og tileinka sér þær grundvallaraðferðir sem þar eru lagðar til og þar með að starfa með skólanum að upprætingu eineltis.

## SKILGREINING Á EINELTI

Samkvæmt skilgreiningu Dans Olweusar, er einelti ofbeldi sem getur bæði verið andlegt og líkamlegt, þar sem einn eða fleiri níðast á einstaklingi sem á erfitt með að verja sig. Einelti er endurtekið atferli og á sér stað reglubundið um lengri eða skemmri tíma.

Þrennt einkennir eineltishugtakið:

- Árásarhneigt eða illa meint atferli.
- Endurtekið atferli sem stendur yfir ákveðinn tíma.
- Ójafnvægi afsl og valda í samskiptum og sá sem verður fyrir því á erfitt með að verja sig.

### Einelti birtist í mörgum myndum

Hegðun sem tengist kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi er ekki liðin.

- Beint einelti getur verið líkamlegt eða munnlegt t.d. barsmíðar, spörk, hrindingar og skemmdarverk, ýmis konar uppnefni, niðrandi athugasemdir, hæðnisleg svipbrigði og margt fleira.
- Óbeint einelti getur verið útskúfun eða útilokun úr félagahópi, baktal og niðrandi athugasemdir svo eitthvað sé nefnt.
- Rafrænt einelti geta verið hótanir á netinu, gegnum smáskilaboð, niðrandi myndir og ummæli á samfélagsmiðlum, s.s. snapchat, instagram, tiktok, facebook og twitter

## Til umhugsunar:

Það er ekki einelti þegar einhverjum er strítt á góðlátlegan og vingjarnlegan hátt. Það er heldur ekki einelti þegar jafningjar slást eða rífast.

Það er ekki einelti nema um sé að ræða ójafnvægi afls og valda í samskiptum. Sá sem verður fyrir áreiti á erfitt með að verja sig og er varnarlaus.

Það er ekki form eineltis sem skiptir mestu máli heldur hvaða áhrif það hefur á þolandann.

Mikilvægt er að hafa í huga að gerendur eru ekki alltaf meðvitaðir um hversu sársaukafullt eineltið er.

Allir geta lent í eineltisaðstöðum, annað hvort sem þolendur, gerendur og/eða meðhlauparar. Stríðni, átök og einstaka ágreiningur milli nemenda þarf ekki endilega að teljast til eineltis, en vert er að fylgjast með því að slíkt leiði ekki af sér frumstig eineltis.

## BEKKJARREGLUR GEGN EINELTI

Nemendur í Setbergsskóla fylgja eftirfarandi reglum:

- Við leggjum ekki í einelti.
- Við aðstoðum þá nemendur sem verða fyrir einelti.
- Við bjóðum þeim að vera í hópnum sem lenda í að vera einir.
- Ef við vitum að einhver nemandi er lagður í einelti eigum við að segja umsjónarkennaranum eða öðrum starfsmanni frá því og líka fólkinu heima.

## STOÐIRNAR FJÓRAR

Olweusaráætlunin byggir á fáum grundvallarreglum sem miða að því að móta jákvæða hegðun og byggja upp afstöðu gegn einelti. Því þarf starfsfólk skóla og foreldrar að standa saman í að skapa jákvætt andrúmsloft í kringum nemendur þar sem hinir fullorðnu:

- sýna hlýju, einlægan áhuga og alúð.
- taka ákveðna afstöðu gegn óviðunandi hegðun.
- sýna að viðurlög sem liggja við brotum á reglum séu ekki niðurlægjandi.
- koma fram af myndugleik sem góðar fyrirmyndir.

## **FYRIRBYGGJANDI AÐGERÐIR**

Það sem við gerum í skólanum til að framfylgja áætluninni er m.a.:

- Nemendur fá fræðslu um einelti, eðli eineltis, birtingarform þess og afleiðingar.
- Reglur skólans um einelti eru kynntar fyrir nemendum og ræddar.
- Eineltishringur og bekkjarreglur gegn einelti eru hengdar upp í hverri stofu.
- Umsjónakennarar fjalla m.a. um eineltismál á bekkjarfundum.
- Könnun á einelti er lögð fyrir árlega og kynnt fyrir nemendum, foreldrum og starfsfólki skólans.
- Tengslakannanir eru lagðar fyrir eftir þörfum.
- Góð bekkjarstjórnun.
- Kennari velur í sæti og í hóp.
- Nemendaviðtöl.
- Bekkjarforeldrafundir.
- Skilvirt eftirlit innan skólans.
- Eineltisteymi er starfsfólki til aðstoðar og ráðgjafar í eineltismálum.
- Vinaliðaverkefni.
- Kennsluefnið: Stöndum saman, nemendum kennt að setja mörk og virða mörk annarra.
- Allt starfsfólk skiptir sér af og tilkynnir ef grunur er um neikvæð samskipti.

## Leiðir nemenda að úrlausn

Hvernig geta nemendur komið sínum skoðunum á framfæri innan skólans

- Náms- og starfsráðgjafi er trúnaðar- og talsmaður nemenda
- Umsjónakennari
- Bekkjarfundir
- Nemendaviðtöl
- Stýrihópur: Fulltrúar nemenda í stýrihóp eru tveir.

Setbergsskóli starfar eftir Olweusaráætlun sem er áætlun gegn einelti. Sú áætlun er að stórum hluta forvarnaráætlun þar sem gert er ráð fyrir að skóli og heimili vinni saman. Tilgangurinn er að fyrirbyggja einelti og andfélagslega hegðun jafnframt því að skapa jákvæðan skólabrag og bekkjaranda.

Stýrihópur ber höfuðábyrgð á áætluninni í skólanum, koma henni á, fylgja henni eftir, grípa inni í svo dæmi séu tekin. Í stýrihóp sitja m.a. meðlimir eineltis- og forvarnarteymis, fulltrúar nemenda, fulltrúar foreldra og hjúkrunarfræðingur.

## HLUTVERK EINELTIS- OG FORVARNARTEYMIS

Hlutverk eineltis- og forvarnarteymis er að fylgja eftir forvarnarverkefnum skólans á öllum skólastigum og að skipuleggja fræðslu til starfsmanna, nemenda og foreldra. Teymið miðlar sérfræðipækkingu, heldur saman upplýsingum og safnar efni um eineltisfræðslu fyrir öll aldurstigin og byggir upp gagnabanka fyrir kennara. Teymið er kennurum til stuðnings við úrlausn eineltismála og sinnir fyrirbyggjandi aðgerðum í eineltismálum. Teymið fundar reglulega og fer yfir allar tilkynningar um einelti, heldur utan um þær og fylgist með framvindu mála. Teymið veitir ráðgjöf og styður við þá sem eru að vinna úr málum og tryggir að unnið sé eftir áætlun skólans gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Í teyminu sitja fulltrúi kennara, náms- og starfsráðgjafi, deildastjórar og skólastjórnendur.

## VIÐBRÖGÐ VIÐ EINELTI

Tekið er á þeim eineltismálum sem upp koma með skipulögðum hætti, með samtölum við gerendur, þolendur og foreldra. Starfsmenn skólans fá þjálfun í að greina slæm samskipti og bregðast við þeim þegar þau koma upp.

Þar sem grunur er um neikvæð samskipti og/eða grunur um einelti er hægt að tilkynna það á eyðublaði sem er á heimasíðu skólans. Hver sem er getur tilkynnt mál s.s. foreldrar, starfsmenn og/eða nemendur. Tilkynningu er komið til umsjónarkennara og teymisstjóra eineltis- og forvarnarteymis og þá fer ákveðið vinnuferli strax í gang. Teymisstjóri upplýsir allt starfsfólk skólans. Umsjónarkennari upplýsir sérstaklega alla starfsmenn sem koma að málinu, kallar eftir upplýsingum frá öðru starfsfólki og kemur af stað eftirliti/vöktun eftir þörfum. Teymisstjóri eineltis- og forvarnarteymis kallar umsjónakennara, viðkomandi deildarstjóra og fulltrúa teymis á fund. Ákveðið er hvernig frekari gagna er aflað s.s.; upplýsingum frá þolanda, meintum geranda/gerendum, frá öðrum nemendum, starfsfólki og foreldrum eftir þörfum. Eftirlit/vöktun er endurskoðað. Umsjónarkennari ásamt teymi rannsaka málið og geta kallað til aðstoðar aðra starfsmenn skólans. Þær aðgerðir sem gripið er til eru skráðar jafnóðum af öllum sem koma að málinu.

Umsjónakennari, deildarstjóri, fulltrúi teymis og teymisstjóri funda aftur þegar búið er að afla gagna og farið er yfir hvort um einelti sé að ræða eða ekki og næstu skref ákveðin.

Ef um einelti er að ræða eru annars vegar foreldrar þolanda ásamt honum boðaðir á fund og hins vegar foreldrar geranda ásamt honum.

Ef grunur um einelti er staðfestur heldur umsjónarkennari áfram að vinna í málinu ásamt öðrum starfsmönnum skólans eftir atvikum. Þolanda er veittur stuðningur, tekin eru viðtöl við gerendur þar sem skýlaust er komið til skila að einelti líðst ekki í skólanum.

Haldnir eru fundir með foreldrum eftir þörfum og frekari úrlausnir eru ákveðnar ásamt foreldrum, þolanda og gerendum.

Málinu er fylgt eftir þar sem reglulega er rætt við þolanda, geranda og foreldra, þar til eineltið hættir.

Ef eineltið hættir ekki er málinu vísað til lausnateymis skólans.

Starfsmenn skólans fara eftir þessu vinnuferli: Sjá mynd á næstu síðu:

## Vinnuferli þegar upp kemur grunur um neikvæð samskipti og/eða grunur um einelti

Hver sem er getur tilkynnt s.s. foreldrar, starfsmenn, nemendur.

### Tilkynning um grun berist til umsjónarkennara og teymisstjóra eineltis- og forvarnarteymis

- Teymið heldur utan um tilkynningar og fylgist með framvindu mála. Veitir ráðgjöf og stuðning.

### Umsjónarkennari ásamt teymi rannsaka málið

Hægt er að kalla aðra starfsmenn skólans til aðstoðar.

- Upplýsa aðra: Deildarstjóra og aðra starfsmenn.
- Afla upplýsinga frá: Þolanda, gerendum, öðrum nemendum, starfsfólki, foreldrum.
- Kannanir lagðar fyrir nemendur.
- Eftirliti/vöktun er komið af stað.

Grunur um einelti staðfestur.

Ekki er um einelti að ræða. Máli lokið og vísað í annan farveg eftir atvikum.

### Áframhaldandi vinna í málinu hjá umsjónarkennara og teymi

- Stuðningur við þolanda.
- Viðtöl við gerendur.
- Fundir með foreldrum eftir þörfum.
- Frekari úrlausnir ákveðnar.

### Eftirfylgni

Rætt reglulega við þolendur, gerendur, foreldra og annað starfsfólk.

Ef einelti hættir ekki er málinu vísað í lausnarteymi skólans.



## EINELTISHRINGURINN

Eitt af því sem við höfum til að vinna með, bæði í fræðslu og þegar upp koma eineltismál er eineltishringurinn. Þar má sjá birtingarmynd eineltis á auðveldan hátt. Nemendur frá 1. bekk og upp í 10. bekk eiga auðvelt með að átta sig á myndinni og staðsetja sig í hringinn.

Markmið okkar er að allir nemendur verði í „**græna liðinu**“ og sýni afstöðu á móti einelti og reyni að hjálpa þeim sem verður fyrir því. Rétt eins og í skólanum er eineltishringurinn góður umræðugrunnur um einelti heima fyrir.

Foreldrar eru beðnir um að vera með augu og eyru opin og láta skólann vita ef þeir verða þess varir að barnið þeirra eða önnur börn verður ítrekað fyrir áreiti frá öðrum og jafnframt hafa samband við skólann ef einhverjum líður ekki vel í skólanum.



## Vefsíða og handbækur um einelti

- Hér má skoða heimasíðu Olweusarverkefnisins á Íslandi <http://www.olweus.is/>
- [Hér má nálgast bæklinginn Einelti: Góð ráð til foreldra, sem gefinn var út af Heimili og skóla árið 2009 og saminn af framkvæmdarstjóra Olweusaráætlunarinnar](#)
- [Hér má nálgast handbók um einelti og vináttufærni sem gefin er út af Heimili og skóla árið 2017](#)